

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *17. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 15. mars 2007, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf frá Heilbrigðisstofnun Pingeyinga dags. 27. febrúar, um heilsugælumál í Mývatnssveit.
3. Erindi frá Landsvirkjun dags. 8. mars, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu á Kröflusvæðinu.
4. Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni dags. 5. mars, f.h. fyrirtækja í Skútustaðahreppi, þar sem óskað er eftir viðræðum um þjónustusamning um upplýsingastarfsemi.
5. Erindi frá Ólöfu og Leifi Hallgrímsbörnum dags. 8. mars, þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn beiti sér fyrir lagningu varanlegrar heimreiðar að Vogafjösi.
6. Fundargerð Byggingarnefndar frá 6. mars.
7. Fundargerð Skólanefndar frá 5. mars.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 7, yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

**2. Bréf frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga dags. 27. febrúar, um heilsugælumál í Mývatnssveit.**

Borist hefur bréf frá stjórn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, þar sem svarað er spurningum sem sveitarstjórn hafði beint til Heilbrigðisstofnunarinnar vegna ástands heilsugæslumála í Skútustaðahreppi. Í bréfinu tekur Heilbrigðisstofnunin undir með sveitarstjórn að húsnæði heilsugæslustöðvarinnar sé ákaflega lélegt. Hins vega hafi nú þegar farið fram nauðsynlegar lágmarksendurbætur á því. Einnig segir í bréfinu að haft hafi verið sambandi við lyfjafyrirtæki og boðin aðstaða til leigu fyrir apótek og jákvæð svör fengist við því. Sé nú verið að sækja um heimild fyrir apótekinu. Jafnframt hafi lyfjafyrirtækinu verið boðið samstarf um sameiginlegan starfsmann í hlutastarfi sem muni þá bæði sinna afgreiðslu í apótekinu og gegna störfum ritara og annast móttöku fyrir heilsugæslustöðina. Yfir sumartímam þ.e. frá 20. júní til 20. ágúst hefur hjúkrunarfræðingur verið á vakt frá kl. 08:00-20:00 alla daga og gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi í ár. Stjórn Heilbrigðisstofnunarinnar bendir sveitarstjórn á að vísa spurningu um hugsanlega heimild til langtímaleigu húsnæðis undir heilsugæslustöð til viðkomandi ráðuneytis. Samþykkt að óska eftir upplýsingum frá Heilbrigðisstofnunni um hversu margir hjúkrunarfræðingar verða við störf í sumar. Einnig að vakt hjúkrunarfræðinga yfir sumarið verði lengd til 15. september. Óskað verður eftir svörum frá Heilbrigðisráðuneyti um heimild til langtímaleigu á húsnæði til framtíðar.

**3. Erindi frá Landsvirkjun dags. 8. mars, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu á Kröflusvæðinu.**

Með bréfi dags. 12. mars óskar Landsvirkjun eftir framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu á gömlu borstæði við Rauðhól norðan Þríhyrninga. Borstæðið var byggt 1982, og lagður að því vegur. Á þeim tíma var einungis forboruð ein hola og því var hluti af vegslóðanum fjarlægður. Fyrir utan sjálfst borverkið takamarkast framkvæmdir nú við að bera ofnað þennan hluta af slóðanum þar sem borplanið er fullgert. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi.

**4. Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni dags. 5. mars, f.h. fyrirtækja í Skútustaðahreppi, þar sem óskað er eftir viðræðum um þjónustusamning um upplýsingastarfsemi.**

Með bréfi dags. 5. mars er óskað eftir viðræðum við sveitarstjórn um mögulegan þjónustsamning um rekstur upplýsingastarfsemi í Mývatnssveit. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til viðræðanna.

**5. Erindi frá Ólöfu og Leifi Hallgrímsbörnum dags. 8. mars, þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn beiti sér fyrir lagningu varanlegrar heimreiðar að Vogafjósi.**

Erindinu er frestað. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ræða við Ólöfu og Leif.

**6. Fundargerð Byggingarnefndar frá 6. mars.**

Liður 5, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús við Helgavog, liður 6, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir gám við áhaldahús, liður 7, þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um vínveitingaleyfi og liður 8, þar sem

óskað er eftir stöðuleyfi fyrir starfsmannahús við Hótel Gíg, eiga við um Skútustaðahrepp.  
Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingarnefndar.

**7. Fundargerð Skólanefndar frá 5. mars.**

Afgreiðslu á fundargerðinni er frestað. Samþykkt að boða leikaskólastjóra á fund.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.